

## A 1793/presidiet

Afgreiðsla Forsætisnefndin

Nefndarálit forsætisnefndarinnar um

**Þingmannatillögu****um að starfsemi Norðurlandaráðs verði kolefnishlutlaus (A 1793/presidiet)****Tillaga**

Forsætisnefndin leggur til að

Norðurlandaráð ákveði

*að starfsemi Norðurlandaráðs verði kolefnishlutlaus,**að Norðurlandaráð vinni með Norrænu ráðherranefndinni og Norræna menningarsjóðnum að settu markmiði um kolefnishlutleysi, með mið af þremur helstu áherslusviðunum auk fyrirhugaðra verkefna.***Bakgrunnur**

Norræn vinstri græn lögðu til að

Forsætisnefndin leggi til að

Norðurlandaráð taki ákvörðun um

*að ráðast í úttekt á árlegri losun gróðurhúsalofttegunda af völdum starfseminnar;**að vinna framkvæmdaáætlun um leiðir til að draga úr losun og gera starfsemina kolefnishlutlausa.*

Þingmannatillagan kallar eftir aðgerðum til að gera Norðurlandaráð kolefnishlutlaust, ásamt öðrum stofnunum.

Norðurlandaráð og aðrar stofnanir á sviði norræns samstarfs hafa í auknum mæli beint sjónum að losun koltvísýrings í tengslum við starfsemi sína.

Norðurlandaráð hefur innleitt heimsmarkmiðin í stefnu sína. Minnkuð umhverfis- og loftslagsáhrif Norðurlandaráðs styðja við eftirfarandi heimsmarkmið:

- Markmið 7, sjálfbær orka
- Markmið 12, ábyrg neysla og framleiðsla
- Markmið 13, aðgerðir í loftslagsmálum
- Markmið 14, líf í vatni



- Markmið 15, líf á landi

Þann 25. janúar 2019 undirrituðu forsætisráðherrarnir og ráðherrar umhverfis- /loftslagsmála yfirlýsinguna „Declaration on Nordic Carbon Neutrality“, sem sýnir á skýran hátt að Norðurlöndin skuldbinda sig til að ná 1,5 gráðu markmiði Parísarsamkomulagsins.

Þann 20. ágúst 2019 náðu forsætisráðherrarnir samstöðu um framtíðarsýnina fyrir árið 2030, sem lýsir yfir að „Við á Norðurlöndum eigum okkur þá framtíðarsýn að verða sjálfbærasta og samþættasta svæði heims fyrir árið 2030.“ Eitt af forgangsmálum framtíðarsýnarinnar og yfirlýst markmið er „Græn Norðurlönd – Saman ætlum við að greiða fyrir grænum umskiptum í samfélögum okkar og vinna að kolefnishlutleysi og sjálfbæru hringrásarhagkerfi og lífhagkerfi.“

Síðan árin 2009/2010 hafa verið samdar framkvæmdaáætlanir í umhverfismálum fyrir Norrænu ráðherranefndina að tilmælum Norðurlandaráðs, sem lagði til metnaðarfulla stefnu í umhverfis- og loftslagsmálum fyrir starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar. Þessi áætlun hefur á margan hátt einnig komið við sögu hjá Norðurlandaráði varðandi rekstur Húss Norðurlanda. Umhverfisáætluninni til þessa fyrir Hús Norðurlanda lauk í árslok 2019 og því þarf að samþykkja nýja fyrir næsta fimm ára tímabil. Á árinu 2019 hafa farið fram umræður við ólíka aðila um drög að nýrri umhverfis- og loftslagsáætlun, þar á meðal við skrifstofu Norðurlandaráðs.

#### **Álit forsætisnefndarinnar**

Forsætisnefnd telur mikilvægt að Norðurlandaráð sé trúverðugt í starfi sínu og leggi sitt af mörkum til að ná markmiðum og framtíðarsýn, sem við mótum fyrir Norðurlöndin öll. Hér getur og á Norðurlandaráð að vera í fararbroddi.

Forsætisnefnd álitur að metnaðarfull og ákjósanleg leið væri að Norðurlandaráð setti almennt markmið um kolefnishlutleysi og vinni að markmiðinu með tiltækum úrræðum í takti við þróun á þessu sviði.

Forsætisnefnd telur einnig að hefja þurfi vinnu Norðurlandaráðs og framkvæma hana í nánú samstarfi við Norrænu ráðherranefndina og Norræna menningarsjóðinn til að ná fram samlegðaráhrifum.

Að því er varðar Hús Norðurlanda í Kaupmannahöfn, sem hýsir skrifstofur stofnananna þriggja, hefur reglubundið verið hrint af stað aðgerðum sem draga úr kolefnisfótsporinu dags daglega. Þessi vinna mun halda áfram á næstu árum. Þó skortir áhrifaríkar aðgerðir sem geta dregið úr kolefnisfótsporinu og loftslagsáhrifum í heild sinni, þar á meðal á ferðalögum og í tengslum við funda- og ráðstefnuhald.



Skrifstofa Norðurlandaráðs og skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar hafa rætt hvernig megi ná fram frekara kolefnishlutleysi norræns samstarfs, m.a. í tengslum við fund skrifstofanna og Ráðs um græn umskipti (Rådet for Grøn omstilling). Með mið af drögum að nýrri umhverfis- og loftslagsáætlun fyrir Hús Norðurlanda leggur forsætisnefnd til eftirfarandi áætlun fyrir vinnuna í framhaldinu, með áherslu á áherslusviðin þrjú:

1. Mælingum á kolefnisfótspori,
2. Markmið og yfirlit um verkefni til að minnka kolefnisfótsporið
3. Innleiðingu/ framkvæmd aðgerða.

Nánar tiltekið leggur forsætisnefnd til að þetta muni m.a. felast í eftirfarandi verkefnum:

- Þróun mælitækja til að mæla loftslagsáhrifin af heildarstarfsemi Norðurlandaráðs, þar á meðal ferðalög, fundi og fundahald m.m., auk þróunar ramma til skýrslugjafar, til að nota við árlegar skýrslur.
- Gerð handbóka, 10 góð ráð, fyrir ólík starfssvið, þar á meðal fundahald, ráðstefnur, ferðalög, m.m.
- Leiðbeiningar svo við vitum hvernig best er að kolefnisjafna flugferðir
- Leiðarvísir um forgangsröðun áherslusviða
- Fundahald með áherslu á þróun og innleiðingu aðgerða m.m.

Norðurlöndum, 29. október 2020

*Annette Lind (S)*  
*Bertel Haarder (V)*  
*Christian Juhl (EL)*  
*Erkki Tuomioja (sd)*  
*Gunilla Carlsson (S)*  
*Hans Wallmark (M)*  
*Jouni Ovaska (cent)*

*Linda Modig (C)*  
*Martin Kolberg (A)*  
*Michael Tetzschner (H)*  
*Oddný G. Harðardóttir (Sf)*  
*Silja Dögg Gunnarsdóttir (Frfl)*  
*Steinunn Þóra Árnadóttir (VG)*  
*Wille Rydman (saml)*

### Fyrirvari

Við samþykkt nefndarálitsins í forsætisnefnd gerði Norrænt frelsi eftirfarandi fyrirvara:

Norrænt frelsi hafnar fyrirbyggjandi tillögu að ákvörðun. Norrænt frelsi virðir áformin að baki tillögunni en vill ekki styðja hana að svo komnu máli þar eð hópurinn telur mikilvægara að leggja áherslu á önnur mál núna, en ástæða er til að taka málið upp aftur síðar.

Norrænt frelsi leggur til að Norðurlandaráð aðhafist ekki frekar varðandi A 1793/presidiet.



Norðurlöndum, 29. október 2020

*Aron Emilsson (SD)*

**Yfirlýsing:**

Við samþykkt nefndarálitsins í forsætisnefnd lýstu Wille Rydman og Erkki Tuomioja eftirfarandi yfir:

Samþykkt forsætisnefndar á nefndaráliti um þingmannatillöguna Starfsemi Norðurlandaráðs verði kolefnishlutlaus (A 1793/presidiet) felur ekki í sér að Norðurlandaráð skuli framvegis halda færri fundi þar sem fólk hittist augliti til auglitis.